

Nd.

100. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrir fram. Þó er heimilt að greiða meðlagið fyrir fram fyrir allt að sex mánuði í senn.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Sé meðlag það, sem barnsföður er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greitt á réttum gjalddaga, og eigi faðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er barnsmóður heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að dvalarsveit hennar greiði henni barnsmeðlag, jafnhátt barnalífeyri samkvæmt almannatryggingalögum. Skerðingarákvæði 22. gr. almannatryggingalaganna taka ekki til slíkra meðlaga.

Móðir óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, á sama rétt og um ræðir í 1. mgr., þó að barnsfaðir eigi ekki rétt til framfærslu hér á landi, og endurgreiðir ríkissjóður þá dvalarsveit meðlagið.

Kröfu barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum svo og lífsvottorð barnsins. Móðirin skal gefa oddvita dvalarsveitar upplýsingar um framfærslusveit barnsföður svo sem hún er fær um.

Meðlag, greitt samkvæmt þessari grein, telst framfærslustyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móður og fer um endurgjald á honum samkvæmt framfærslulögum.

Verði dráttur á greiðslu meðlags til barnsmóður af hálfu dvalarsveitar, samkvæmt þessari grein, getur barnsmóðir snúið sér til yfirvalds, sem þá skal veita henni nauðsynlega fyrirgreiðslu svo dráttur verði ekki á meðlagsgreiðslunni.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkvæmt 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó eigi út gefinn og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkvæmt 11. og 15. gr. á hendur þeirri sveit, þar sem hún á heimilisfang. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

4. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú elur kona óskilgetið barn og er þá valdsmanni rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni vegna barnsburðarins allt að kr. 300.00 á mánuði auk verðlagsuppbótar í allt að 3 mánuði samtals fyrir og eftir fæðingu. Þá má og úrskurða barnsföður til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 6 mánuði eftir barnsburð, að svo miklu leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur samkvæmt almannatryggingalögum.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur

í fyrri málsgrein 8. greinar, skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförum leiðir.

Nú greiðir barnsfaðir eigi úrskurðaðar greiðslur samkvæmt þessari grein og getur þá móðir barnsins krafizt greiðslu af sveitarstjórn dvalarsveitar sinnar með sama hætti og meðlög samkvæmt 11. gr. Síðasta málsgrein 11. gr. á og við um greiðslur samkvæmt þessari grein.

Ógift kona, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna meðgöngunnar og hefur gert ráðstafanir til að afla sér úrskurðar, skal eiga rétt á því, þegar sannað er með læknisvottorði að fæðingar sé að vænta innan 6 vikna, að dvalarsveit greiði henni fjárhæð þá, er í 1. mgr. getur, með þremur mánaðarlegum greiðslum frá þeim tíma.

Um endurgreiðslu frá framfærslusveit barnsföður fer sem um endurgreiðslu meðlags samkvæmt 11. gr.

#### 5. gr.

15. gr. orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum erlends varnarliðs, og getur hún þá, að undangengnum árangurslausum tilraunum að mati dómara til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur heimilissveit barnsmóður, eins og segir í 3. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

#### 6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1954, um breyting á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

#### 7. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli niður.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem starfað hefur að endurskoðun á lögnum um almannatryggingar. Í frumvarpi því til almannatryggingalaga, sem nefndin hefur lagt fram, eru niður felld ákvæðin í 27. og 28. gr. almannatryggingalaganna, er fjalla um meðlagsgreiðslur af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Mæður óskilgetinna barna og fráskildar konur missa þannig þann rétt, sem þær hafa haft til þess að snúa sér til Tryggingastofnunarinnar með greiðslu á meðlögum, ef frumvarpið um almannatryggingar verður að lögum. Nefndin vill með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, veita þessum konum þann sama rétt og þær höfðu áður en almannatryggingalögin voru sett. Jafnframt vill nefndin tryggja það, að þessi réttur þeirra verði raunverulegri en áður var með sérstöku ákvæði, sem skyldar yfirvöldin til fyrirgreiðslu þeirra vegna, þegar nauðsyn krefur, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Skal nú vikið að einstökum greinum.

#### Um 1. gr.

Nefndin gerir ekki tillögur um efnisbreytingu á 10. gr. frumvarpsins, en að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að það verði almenn regla, að meðlög verði greidd misserislega fyrir fram, þó greinin kveði á um greiðslur mánaðarlega. Þessu ákvæði var breytt þegar almannatryggingarnar hófu greiðslur meðlaga til samræmis við aðrar greiðslur á vegum þeirra, sem yfirleitt eru mánaðargreiðslur og sums staðar ársfjórðungsgreiðslur. Það verður of mikil skrifinnaska fyrir sveitarstjórnir að greiða þessi meðlög oftar en misserislega, enda alveg ástæðulaust. Meðan sveitarstjórnirnar önnuðust þessar greiðslur voru þær undantekningarlaust greiddar misserislega. Nefndinni þótti þó ekki rétt að fastbinda þetta atriði og er því opin leið að greiða meðlögin mánaðarlega fyrir þær sveitarstjórnir, sem vilja.

#### Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum þeim, sem áður giltu um þessi atriði með þeim undantekningum, sem hér verða rakin.

Áður var réttur barnsmóður til að fá meðlagið frá dvalarsveit bundinn því skilyrði, að hún ætti rétt til framfærslu hér á landi. Þegar tillit er tekið til þess, að meðlagið, sem sveitarsjóðurinn greiðir er ekki framfærslustyrkur til barnsmóður heldur framfærslustyrkur veittur barnsföðurnum, skortir rök til þess að krefjast þess, að móðirin eigi framfærslurétt hér á landi. Það atriði skiptir alls engu máli eftir eðli málsins. Eigi faðirinn framfærslurétt hér á landi, getur því móðirin án tillits til framfærsluréttar síns leitað til dvalarsveitar sinnar um greiðslu meðlagsins.

Þegar barnsfaðirinn á hins vegar ekki framfærslurétt hér á landi verður móðirin að eiga framfærslurétt hér til þess að geta gengið að dvalarsveit um meðlagið, sbr. 2. mgr.

Í síðustu málsgrein er ákvæði, sem gefur barnsmóður rétt til þess að fá fyrirgreiðslu yfirvalds, ef dvalarsveit dregur greiðslu meðlags til hennar. Ákvæði um þetta var ekki í lögnum, en virðist nauðsynlegt til þess að veita dvalarsveitinni aðhald um að vanrækja ekki greiðslur af þessu tagi.

#### Um 3. gr.

Að öllu leyti samhljóða 12. gr. laganna, en þar er svo ákveðið, að yfirvald geti úrskurðað meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnuninni, en í frumvarpsgreininni segir að úrskurða skuli meðlag og kostnað á hendur dvalarsveit. Breyting þessi leiðir af öðrum þeim breytingum, sem hér um ræðir.

#### Um 4. gr.

Efnislega eins og 14. gr., sbr. 12. gr. viðaukalaganna nr. 116/1954. Ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

#### Um 5. gr.

Ákvæðið er efnislega eins og ákvæði laga nr. 32/1954, um breytingu á lögum nr. 87/1947, með sömu athugasemd og við 3. gr. Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 6.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.